



Minnisblað: Greinargerð vegna stöðumats Barnvænt sveitarfélag Kópavogur 2025.

Tilgangur:

Greinargerðin er liður í áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmála SP hjá Kópavogsbæ. Hún dregur saman stöðu og breytingar á viðhorfi barna, starfsfólks og kjörinna fulltrúa tengdu verkefninu. Stefnt er á endurnýjun viðurkenningar UNICEF í maí 2027 en fyrir þann tíma þarf að innleiða nýjar aðgerðir eða breyttar áherslur í takt við niðurstöður stöðumats. **Helstu niðurstöður stöðumats**

Þekking og þátttaka barna:

Þekking barna á Barnasáttmálanum hefur aukist jafnt og þétt. Börnum sem taka þátt í könnunum fjölgar ár frá ári. Börn vilja helst hafa samráð í gegnum skólana, félagsmiðstöðvar og rafrænar kannanir.

Starfsfólk:

99% starfsmanna hafa heyrt um Barnasáttmálann og 84% geta nefnt fjögur réttindi barna (hækkun frá 70% árið 2019). 98% vita hvernig á að bregðast við ef barni líður illa og 59% hafa einhvern tíma tilkynnt til barnaverndar. Þörf er á áframhaldandi fræðslu, einkum tengdri Barnaverndarlögum og Farsældarlögum.

Kjörnir fulltrúar:

41% telja sig þekkja Barnasáttmálann mjög vel, en 36% lítillega. 95% telja mikilvægt að börn fái tækifæri til að hafa áhrif, en aðeins helmingur hefur nýtt barnvænt hagsmunamat í störfum sínum. Þörf er á markvissri fræðslu eftir hverjar sveitastjórnarkosningar.

Barnaþing og þátttaka:

Allir grunnskólar tóku þátt í Barnaþingi 2025.

Helstu tillögur barna:

1. Frítt í Strætó fyrir öll börn í Kópavogi
2. Göt í stundatöflu séu í byrjun og lok dags



3. Morgunmatur í boði í öllum skólum í Kópavogi
4. Fjölga íþróttatímum eða lengja þá
5. Ísbúð á Kársnesi
6. Halda hátíð í Kópavogi – eins og Skrekkur í Reykjavík

Kaffihúsafundur í september 2025 styrkti samtal milli barna og kjörinna fulltrúa um tillögur af barna- og ungmennapingi, þar sem börn fengu aftur tækifæri til að forgangsraða þeim tillögum sem þeim þykir mikilvægastar.

Sérfræðihópar barna :

Börn með stuðningsþarfir lýstu ánægju með starfsemi og öryggi en vildu meiri meðvitund um að þau gætu haft áhrif á skipulag.

Foreldrar ánægðir með starfsfólk og aðstöðu, en vilja betri upplýsingagjöf og meiri útiveru.

Helstu aðgerðir í undirbúningi (2025–2027)

1. Kynna betur Táknið um barnavernd og þjónustu í skólum.
2. Sérstakt fræðsluáttak fyrir kjörna fulltrúa.
3. Innleiða barnvænt hagsmunamat í stefnumótun bæjarins.
4. Frítt í Strætó fyrir börn.
5. Morgunmatur í öllum grunnskólum.
6. Barnahátíð í Kópavogi.
7. Fræðsla starfsmanna um viðbrögð við ofbeldi/vanrækslu.
8. Aukin þjónusta fyrir miðstig í félagsmiðstöðvum.
9. Bætt kynning á ungmennaráði og nemendaráðum.

Samantekt

Kópavogsbær hefur náð árangri í barnvænni stjórnsýslu og aukinni þátttöku barna og áfram þarf, meðal annars, að:

- Efla fræðslu meðal kjörinna fulltrúa og íbúa,
- Tryggja jafnræði og þátttöku allra barna,
- Styrkja tengsl milli stefnumótunar og sjónarmiða barna.

Virðingarfyllst,
Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra-Menntasvið